

dráttur náttúrunnar. Allt virtist verða að óvissu og auðn; eitt-hvert óttalegt afl greip oss og sveif með oss langt út í geiminn, langt frá öllu, er vér höfðum áður séð. Síðan varð dauðapögn, lagið var á enda. Spilarinn stóð upp. Við litum í kringum okkur og sáum, að við vorum enn í hrörlega litla kofanum.

„Verið þér sæl“, sagði Beethoven og ýtti frá sér stólnum og gekk til dyra. „Verið þér sæl.“

„Komið þér ekki aftur?“ spurðu bæði systkinin sem með einum rómi.

Hann stanzaði, leit meðaumkunarlega framan í blindu stúlkuna og sagði: „Jú, jú, eg skal koma aftur og spila fyrir blindu meyna. Verið þér sæl. Eg kem senn aftur.“

Þau fylgdu okkur út að dyrunum með þögn, er var átakan-legri en orð, og horfðu á eftir okkur, unz við hurfum úr sýn.

„Við skulum hraða okkur til baka“, sagði Beethoven, „svo eg geti skrifað lagið mitt, áður en eg gleymi því.“

Við flýttum okkur heim, og hann sat við að skrifa lengst fram á dag.

Þetta eru upptökin að tunglsgeisla sonatu Beethovens, sem allir eru hugfangnir af.

Lauslega þýtt.

Yellowstone Park.*

Yellowstone Park er 3,575 ferhyrningsmíllur á stærð; hann liggur 8000 fet yfir sjávarmáli. Hann er allur skógi vaxinn og sundurskorinn af smá hæðum og hálsnum. Þar eru stærstu gos-hverar í heimi, og eru sumir því stærri en nafnar þeirra á Íslandi og Nýja Sjálandi. Landslagið er of hátt og kalt til þess, að jarð-arávextir af nokkru tagi þrífist þar.

Á Amethyst hálsunum standa hundruð af steinrunnum trjám

*) Yellowstone Park var árið 1872 af stjórn Bandaríkjanna settur sem skemmtigarður fyrir túrista. Um 6000 manns ferðast þangað árlega til að skoða þetta furðuverk náttúrunnar.